



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 51/2010

Notkun Sohósólar ehf. á heitinu Smarter

I.

Málsmeðferð

1.

Með erindi Sólbaðsstofunnar Smart ehf. til Neytendastofu, sem barst stofnuninni 5. október 2010, er kvartað yfir því að sólbaðsstofan Sohósól hafi nýverið tekið sér nýtt heiti Smarter sem kvartanda þykir líkjast um of nafni hans. Sé auglýsingaherferð í gangi auk þess sem húsnæði fyrirtækisins sé merkt hinu nýja nafni. Telji kvartandi að heitið Smarter geti valdið ruglingi hjá viðskiptavinum kvartanda. Telur kvartandi að notkun Sohósólar á heitinu Smarter brjóti gegn 15.gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Er þess krafist að merkingar húsnæðisins verði teknar niður og birtingu auglýsinga verði hætt. Þá er þess krafist að Sohósól verði beitt sektum.

2.

Erindi Sólbaðsstofunnar Smart var sent Sohósól til umsagnar með bréfi stofnunarinnar, dags. 14. október 2010. Í bréfinu kom fram að auk ákvæða 15. gr. a. laga nr. 57/2005 teldi stofnunin ákvæði 5. gr. sömu laga geta komið til álita í málinu. Bréfið var ítrekað 2. nóvember 2010 og gefinn tíu daga frestur til að koma að athugasemdum og skýringum. Tekið var fram að að þeim tíma liðnum mætti búast við tekin yrði ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Ekkert svar hefur borist.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Sólbaðsstofan Smart ehf. yfir notkun sólbaðsstofunnar Sohósólar ehf. á heitinu Smarter á fyrirtækið. Telur kvartandi að heitið Smarter líkist um of heiti kvartanda. Með notkuninni telur kvartandi að Sohósól hafi brotið gegn ákvæðum 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um



eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá vakti Neytendastofa athygli málsaðila á því að 5. gr. sömu laga kæmi jafnframt til álita.

2.

Í 5. gr. laganna er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri samkeppnislaga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Þá er í fyrri málsliðnum lagt bann við því að reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

3.

Sólbaðsstofan Smart og Sohosól eru skráð einkahlutafélög, en ekki verður séð að Smarter hafi skráningu af neinu tagi. Að mati Neytendastofu kemur því til athugunar fyrri málsliður 15. gr. a. laga nr. 57/2005 þ.e. hvort rekstur Sohosólar undir heitinu Smarter gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda, þ.e. Sólbaðsstofunnar Smart í þessu tilviki.

Bæði fyrirtækin hafa merkt húsnæði það sem rekstur þeirra er. Skilti framan á húsnæði Sólbaðsstofunnar Smart er einskonar upplýstur renningur. Á gulum fleti er fyrir miðju heitið



Smart með stórum svörtum lágstöfum og sitthvorum megin þar við er heitið endurtekið með smærri svörtum lágstöfum þar sem rauðir sólargeislar gægjast upp úr bókstafnum m. Skilti á húsnæði Sohósólar er einnig einskonar upplýstur renningur. Á hvítum fleti fyrir miðju er heitið Smarter með hástöfum og skæri aðskilja stafina „er“ frá Smart. Sitt hvoru megin við heitið eru gular sólar með áþekkingu sólargeisla og í skilti Smart. Þá stendur undir heitinu Smarter með smáum stöfum, Hárgreiðslustofa – Snyrtistofa – Sólbaðsstofa.

Að mati Neytendastofu eru heitin og skiltin Smart og Smarter það lík að auðvelt er fyrir neytendur að ruglast á fyrirtækjunum. Heitið Smarter gefur í skyn að þar sé um að ræða sama fyrirtæki og Sólbaðsstofan Smart eða a.m.k. nátengdur rekstur. Breytir þar engu þó svo annar rekstur en rekstur sólbaðsstofu sé jafnframt rekinn undir heitinu Smarter. Þá starfa fyrirtækin við sömu götu í Reykjavík og höfða til sama markhóps. Er því að mati Neytendastofu veruleg hættu á að neytendur villist á nöfnunum. Er því notkun Sohósólar á heitinu Smarter óréttmætir viðskiptahættir sem eru til þess fallnir að gefa villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda og því brot á 5. gr. og 1. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Sohósól ehf., Grensásvegi 16, Reykjavík, hefur með notkun heitisins Smarter brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 1. málsl. 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er Sohósól ehf. bönnuð notkun heitisins Smarter. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 22. nóvember 2010

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir